

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 260/2017 um starfstíma framhaldsskóla.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:
Skólaárið 2020-2021 er skólameistara heimilt að ákveða, að höfðu samráði við skólaráð og almennan kennarafund, hvernig starfsemin innan fyrrnefndra 180 daga skiptist á milli undirbúnings, kennslu og námsmats.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. mgr. 15. gr. laga um framhaldsskóla með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Reglugerð þessi fellur úr gildi 31. maí 2021.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 17. ágúst 2020.

Lilja D. Alfreðsdóttir.

Páll Magnússon.